




INGÓLFSHÖFÐI



Vitinn í Ingólfshöfða

Útgefandi: Umhverfisstofnun, 2006
Höfundur texta: Hafdis S. Roysdóttir
Ljósmyndir: Einar R. Sigurðsson / Erling Ólafsson
Forsíðumynd: Ingólfshöfði / Hjörleifur Guttormsson
Kortagerð: Sigurgeir Skúlason
Teikningar: Jón Baldur Hlíðberg
Umbrot og prentun: Prentmet ehf.
UST-2006:18



Ingólfshöfði
Jarðfræði
Ingólfshöfði er kletthöfði úr basalti, storkubergi, algengustu bergtegundinni á Íslandi. Hann hvílir á móberg Sundirstöðu. Ingólfshöfði er 1200 m langur og 750 m breiður og hæst ber hann 76 m y.s. Hann er hömrum girtur nema að vestan, en þar er afar mikil sandalda, Kónsaldal og framan undir henni er Kónsvík. Nöfnin eru þannig til komin að kóngurinn eignaðist vikina eftir mann sem hengdi sig og aldan fylgdi. Ingólfshöfði var eyja en sandur og framburður jökulánna hefur tengt hann landi. Þvert yfir höfðann er lægð frá Gönguklifi að norðan á Votaberg að sunnan. Svæðið austan við lægðina heitir Grashöfði en svæðið vestan við kallast Grjóthöfði.

Friðland
Ingólfshöfði er einn af elstu sögustöðum landsins, en þar hófu norrænir menn landnám. Ingólfshöfði var gerður að friðlandi 1974 og þau lög endurskoðuð 1978. Stærð friðlandsins er 90 ha og mynda mörkin ferhyrning um línur sem hugsast dregnar í 100 metra fjarlægð út frá ystu klettasnösum höfðans. Leiðin út í Ingólfshöfða er u.þ.b. 9 km löng frá Þjóðvegi og liggur um land Fagurhólsmýrar og Hofsness. Hún er ekki fær nema torfærubílum og dráttarvélum. Leiðin er stíkuð en liggur um leirur og ála sem geta verið djúpir og er afar varasamt að fara út af henni. Ferðamenn eru hvattir til að aka ekki út í höfðann á eigin bílum, heldur nýta sér ferðir Öreafaferða.

Þrátt fyrir að Ingólfshöfði sé friðland fá hefðbundnar nýttjar bænda í Öreafum að haldast með samkomulagi við Umhverfisstofnun. Núverandi mannvirkjum skal haldið við í samráði við Umhverfisstofnun.



Minnismerkið
hafi Ingólfur siglt inn og bundið skip sitt við Selaklett. Þetta telja menn að hafi verið árið 874.

Þorsteinn Jóhannsson í Svínafelli (1918-1998), orti ártalavísir til að hjálpa nemendum sínum að muna atburði úr Íslandssögunni. Fyrsta vísan minnir á landnám Ingólfs og má syngja undir laginu Tíu litir negrastrákar:

“Átta hundruð og sjótiú og auk þess talin fjögur
Ingólfur hér festi byggð þá hófust landnámssögur.”

Til minningar um búsetu Ingólfs var árið 1974 reistur stuðlabergsdrangur á höfðanum og á honum stendur: “Ingólfur tók þar land, er nú heitir Ingólfshöfði. Landnámabók. Ellefu alda minning 1974.” Ingólfur settist síðar að í Reykjavík, en þar fundust öndvegissúlur þær, sem hann kastaði útbýrðis í þeim tilgangi að vísa sér á stað að búa á. Skammt frá minnismerkinu um Ingólf Arnarson er varða sem Björn Gunnlaugsson lét hlaða 1839 er hann var við landmælingar í Ingólfshöfða.



Slysavarnarhúsið
Örnefnin Skipahellir og Árabólstorfa í berginu norðanverðu benda til þess að útræði hafi verið frá Ingólfshöfða. Í berginu hjá Árabólstorfu er skúti, sem nefnist Þúki. Munnmæli herma, að í þessum skúta hafi verið geymd veiðarfæri, þegar útræði var við höfðann. Talið er að hlaup í Skeiðará 1774 hafi eyðilagt bátalendingu austan undir Ingólfshöfða, svo að útræði hafi lagst þar af.

Í byrjun árs 1903 strandaði þýskur togarí, Friederich Albert, á Svínafellsfjöru. 11 dögum eftir að togarinn strandaði var Sigurður Jónsson bóndi á Orustustöðum í Vestur-Skaftafellssýslu að gá að fé sínu. Verður hann þá var við hreyfingu á sandinum sem hann vissi ekki hvað var og reið nær. Sá hann þá að þetta var maður skriðandi á fjórum fótum, aðframkominn, fötin frosin utan á honum og skórnir gjörsamlega gengnir upp. Sigurður kom manninum þegar til bæja og safnaði saman mönnum til leitar að hinum skipbrotsmönnum sem honum skildist að væru á sandinum. Fundust átta menn á lífi, flestir illa kalnir á höndum og fótum. Héraðslæknirinn Bjarni Jensson á Breiðabólstað á Síðu og Þórgímur Þórðarson læknir í Borgum í Nesjum komu strandmönnum til hjálpar, ásamt fleirum, því aflima þurfti suma þeirra vegna kals.

Hörmungar þessara skipbrotsmanna og þjáningar urðu til þess að menn vildu reyna að koma í veg fyrir að slíkt endurtæki sig. Því var ráðist í það 1904 að reisa skipbrotsmannaskýli á Skeiðarársandi, það fyrsta sinnar tegundar á Íslandi og 1912 í Ingólfshöfða og er það fyrst og fremst D. Thomsen kaupmanni og konsúl Þjóðverja að þakka.

1917 réðust menn í að gera lendingarbætur á Ingólfshöfða við Eiríksnef. Skarð var sprengt í bergið, dráttarspil fest niður (sést enn), með vírstreng, sem lá niður bergið. Á þann hátt átti að skipa upp vörum frá flutningaskipum sem var ætlað að leggjast að fram undan Eiríksnefi. Þessar lendingarbætur komu ekki að notum, því þær eyðilögðust í hafrótti veturinn eftir.

Fyrsti vitinn í Ingólfshöfða var reistur árið 1916. Hann var úr vinkljárnum og var orðinn mjög veðraður þegar ráðist var í að steypa upp nýjan víta árið 1948 eftir hönnun Axels Sveinssonar verkfræðings. Flugviti var reistur 1974 og þá var einnig sett rafljós og radióviti í hinn vitann. Flugvitinn er fjölstefnuviti í eigu Flugmálastjórnar og stýrir aðflugi til landsins sem og innanlandsflugi til Hornafjarðar.

“Ríkisrafmagn” kom í Örefin 1974, en fram að þeim tíma fengu menn rafmagn úr heimarafstöðum, sem voru reistar í sveitinni uppúr 1922.



Öreafajökull





Burnirót

Í lægðinni milli Gras- og Grjóthöfða er að finna votlendis-tegundir eins og mýrastör, gulstör, klóffu,vorbrúðu, laugasef og grástör.



Krækiberjalyng



Grasvefari

grasvefari (*Eana osseana*).

Í höfðanum lifir einkennilegt skordýr sem hefur þrjá hala og hefur það til að stökkva og nefnist kampaskotta (*Petrobius brevistylus*) og er fullvaxin um 10 mm. Kampaskotta lifir við sjávarsíðuna eða þar sem gömul sjávarlína er.



Kampaskotta



Í berginu er víða mikill gróður, nema þar sem svartfuglar og ritur ráða ríkjum. Það má finna ætihvönn, sæhvönn, skarfakál, burnirót, sjávarfitjung og jafnvel melgresi ásamt grasi á bergsyllunum. Alls hafa fundist 112 tegundir af háplöntum í Ingólfshöfða.



Krækiberjalyng

Margar tegundir af skordýrum má finna í Ingólfshöfða, sérstaklega af bjöllum (*Coleophera*) og eru sumar nokkuð áberandi. Til dæmis járnsmiður (*Nebria rufescens*), fjallasmíður (*Patrobis septentrionis*), kragasmiður (*Calathus melanocephalus*) og brunnklukka (*Agabus solieri*) og nokkrar tegundir af smáum jötunum. Af tvívængjum er mest áberandi hræfluga (*Cynomya mortuorum*) og mykjufluga (*Scathophagastercoraria*). Nokkrar tegundir af fíðildum sjást á Ingólfshöfða og er mest áberandi túnfeti (*Xanthorhoe decoloraria*) grasygla (*Cerapteryx graminis*) jarðygla (*Diarsia mendica*) og



Kampaskotta

Dýralíf

Á leiðinni út í Ingólfshöfða geta menn búið við því að sjá lóma, skúma, grágæsir, lóupræla og í ágúst má sjá gráar sanderlur (komnar í vetrarbúning) frá Grænlandi. Norðan til í Ingólfshöfða er fyllinn nær einráður. Að austan og sunnanverðu deilir fyllinn berginu



Gæsaregg



Skúmsungi

Mariuerlur og þúfuttíllingar verpa í höfðanum, sömuleiðis er strandtíllingar talinn hafa verpt þar, en hann er sjaldséður á Íslandi. Grágæsir verpa öðru hvoru í höfðanum og einnig stokkönd. Skúmnum hefur fjölgað mjög síðustu áratugina í höfðanum, frá því að vera um 10 pör 1975 í 104 pör 1999. Skúmar eiga það til að reyna að slá menn með vængjunum ef þeir koma of nálægt varpað þeirra. Tófur sjást oft í höfðanum, eins og örnefnin Skollavík, Skollastigur, Grenjar og Skollatorfa benda til.



Refur

Landnytjar



Sigið eftir eggjum

fer með fólk út í höfðann á kerru sem dráttarvél dregur. Þar er gengið um, fuglalíf skoðað og hugað að sögunni. Stærsti hluti ferðamannanna er af erlendu bergi brotinn.



Ferðafólk á leið út í Ingólfshöfða

Sagt er að Ingólfshöfði og Jökulsá á Breiðamerkursandi kallist á, þ.e. ef maður ferst í Ingólfshöfða muni annar maður farast við Jökulsá. Árið 1927 fórst Jón Pálsson frá Svínafelli í Breiðamerkurjökli, en hann var á leið í Örfæin ásamt fleira fólki og var farið yfir jökul, því Jökulsá var ófær vegna vatnavaxta. Hann stóð og gætti hrossa á meðan verið var að höggva "veg" í jökulinn fyrir fólk og hross. Skyndilega opnaðist sprunga í jökulinn, sem Jón hrapaði ofan í ásamt þremur af hrossunum. Hafði suðurbrún jökulsins sprungið frá og fallið niður með fyrrgreindum afleiðingum. Þremur árum síðar eða 1930 hrapaði ungur piltur, sem var í sveit á Hofsnesi, til bana í Ingólfshöfða. Hann var að veiða fýl og það féll torfa niður með hann.



Matthildur á Hofsnesi og ónefndur skúmur

Sjófuglar

Árlega verpa um 70 fuglategundir á Íslandi. Þótt sjófuglar séu einungis þriðjungur af þeim, eru þeir samt lang flestir hvað einstaklinga varðar. Sjófuglar eru því mjög þýðingarmikill þáttur í fuglaríki landsins auk þess sem maðurinn hefur sótt sér marga matþjörgina til þeirra auk fiðurs í kodda og sængur. Sameiginlegt með sjófuglum er að þeir verða að leita lands um varptímann og verpa margir þeirra í afar þéttum byggðum, t.d. í fuglabjörgum. Þeir verða seint kynþroska, geta orðið mjög langlífir, eru tryggir mökum sínum og koma á sömu varpstöðvarnar ár eftir ár. Svartfugl er samheiti yfir: álku, langvíu, stuttnefju, haftyriðil, teistu og lunda.

Allmikið er af lunda (*Fratercula arctica*) í Ingólfshöfða. Hann grefur löng göng inn í grassvörðinn í bjargbrúnunum og innst í þeim er hola þar sem hann verpur egginu og unginn heldur sig fyrst um sinn. Útungunin tekur um 30-45 daga. Ungi lundans nefnist kofa eða pysja. Fullorönu lundarnir hætta að færa unganum mat í ágústbyrjun og svelta hann þannig út úr holunni. Sandslii er einhver mikilvægasta fæða íslenskra sjófugla, sérstaklega á sumrin. Á veturna éta þeir aðallega loðnu. Lundinn er að hluta til farfugl. Fuglar á fyrsta vetri fara til Nýfundnlands en eldri fuglar halda sig líklega á hafi úti fyrir sunnan og suðvestan land. Lundar verpa víða umhverfis N-Atlantshaf, frá Maine-fylki í Bandaríkjunum og Bretagne-skaga í Frakklandi norður til Svalbarða, en meirihlutinn verpur þó hér á landi. Elsti lundinn sem hefur endurheimst hér við land var 35 ára. Lundinn hefur einnig verið nefndur prófastur og er það sennilega vegna litarins og etv. líkamsbyggingar og háttalags.



Sólur

Langviur (*Uria aalge*) verpa í höfðanum, og kemur lögun eggjanna í veg fyrir að þau rúlli út af syllunum. Eggin eru mikið mjórri í annan endann og rúlla því í hring ef það kemst hreyfing á þau. Unginn yfirgefur sylluna um þriggja vikna gamall. Ófleygur hoppar hann fram af og snýst eins og þeytisþjald á vængstúfum og teygðum fótum út á sjó, þar sem fullorönu fuglarnir eru og hvetja hann með mjóróma tisti.

Stuttnefja (*Uria lomvia*) verpur í höfðanum og bendir örnefnið Stuttvíusig til að hún hafi gert það lengi. Þær koma síðar í bjarg en langviur og verpa einu eggí á klettasyllur. Ísland er eini varpstaður stuttnefju sunnan heimskaupsbaugs.